

Lokaverkefni í Golfkennaraskóla PGA á Íslandi

Viðhorfskönnun á félagsaðild og því hvernig íslenskir kylfingar haga sínum leik

Davíð Gunnlaugsson og Snorri Páll Ólafsson

Leiðbeinandi: Ingi Þór Einarsson

Mars 2015



Efnisyfirlit

Inngangur	1
Aðferðafræði	2
Niðurstöður.....	3
Af hverju er fólk að hætta að spila golf?	4
Félagsaðild íslenskra kylfinga	7
Af hverju velur fólk að vera í golfklúbbum?.....	8
Hvað skiptir mestu máli þegar kylfingar velja sér golfklúbb	10
Hvað með þá sem ætla ekki að vera í golfklúbbi en ætla að spila golf?.....	11
Af hverju er fólk óákveðið með félagsaðild?	14
Hvernig haga íslenskir kylfingar sínum golfleik?	16
Hvað er fólk að leggja áherslu á í æfingum?	18
Golfkennsla á Íslandi.....	19
Hvaða kennsluformi eru kylfingar helst að leita eftir?	21
Umræður.....	24
Ályktanir.....	27
Heimildaskrá	29

Inngangur

Eitt helsta vandamál golfíþróttarinnar í heiminum í dag snýr að brottfalli¹. Brottfall hefur aukist gríðarlega á undanförunum árum og fer nú að verða virkilega aðkallandi vandamál sem nauðsynlegt er að leysa með einhverjum hætti. Í Bandaríkjunum lokar golfvöllur á hverjum 48 klst og kylfingum fækkar hratt ár frá ári. Þar hafa menn reynt ýmislegt til þess að draga út brottfalli, meðal annars að stækka holur en erfitt virðist vera að ná tókum á brottfallinu.²

Samkvæmt rannsókn sem framkvæmd var í Svíþjóð voru þrjár helstu ástæður fyrir brottfalli úr golfíþróttinni þær að það tók of mikinn tíma að spila golf, félagsgjöldin í golfklúbba voru of há og breyting á fjölskylduáætlunum.³

Þessi þróun hefur verið í gangi erlendis í nokkur ár en virðist nú fyrst vera að koma í ljós hérlandis. Nauðsynlegt er að vera vakandi fyrir lausnum og leiðum til þess að snúa vörn í sókn. Það er ljóst að ef ekkert er að gert getur þetta vandamál haldið áfram að vaxa. GSÍ og flestir golfklúbbar hérlandis eru meðvitaðir um vandamálið. Nú þurfa allir að leggjast á eitt og vinna saman að lausn. Fyrri markmið þessarar rannsóknar er því að geta að einhverju leyti svarað því hvað það er sem veldur fækkun í íþróttinni og að þær niðurstöður geti hjálpað bæði GSÍ og golfklúbbum í baráttunni við brottfall.

Seinna markmið rannsóknarinnar snýr snýr að golfkennslu og hvernig hinn íslenski kylfingur hagar sínum golfleik. Það hefur ekki verið framkvæmd að okkur vitandi viðhorfskönnun á viðhorfi íslenskra kylfinga til golfkennslu og æfinga. Markmið rannsóknarinnar er því að niðurstöðurnar geti hjálpað bæði golfklúbbum og golfkennurum í sínu starfi. Samkvæmt niðurstöðum þeirrar rannsóknar sem framkvæmd var í Svíþjóð skiptir gríðarlega mikliu máli að kylfingar taki framförum og nái að lækka forgjöfina. Þar kom í ljós skýr tenging á milli brottfalls og þess að ná ekki árangri í íþróttinni. Ljóst er því að þessi tvö markmið rannsóknarinnar tengjast náið. Góð golfkennsla sem höfðar til allra kylfinga ætti að hjálpa til við að draga úr brottfalli.

Það má því segja að rannsókn þessi skiptist í tvo þætti. Fyrri þátturinn snýr að rannsókn á félagsaðild og brottfalli. Hvernig félagsaðild eru íslenskir kylfingar með? Er fólk í golfklúbbi eða ekki? Af hverju velur fólk að vera í golfklúbbi? Hvaða atriði eru það sem fólk horfir til

¹ <http://www.cbsnews.com/news/where-have-all-the-golfers-gone/>

² <http://ftw.usatoday.com/2014/04/golf-15-inch-holes>

³ Glærur frá Gunnar Hakonsson framkvæmdarstjóra sænska golfsambandsins sem kynntar voru á fundi framkvæmdarstjóra golfsambanda norðurlandanna

þegar það velur sér golfklúbb. Síðari þátturinn snýr að golfkennslu og hvernig hinn íslenski kylfingur hagar sínum golfleik.

Aðferðafræði

Ákveðið var að senda könnunina út á netinu þar sem auðveldast væri að ná til sem flestra kylfinga á ólíku getu og aldurstigi leiksins og betri líkur væru á að fá góða svörun. Við höfðum báðir svarað könnunum í gegnum www.surveymonkey.com í fortíðinni og okkur þótti það þægilegt og einfalt form og við vorum sammála eftir nánari skoðun á því sem Surveymonkey hefur upp á að bjóða að það hentaði okkur best.

Í grunninn má segja að könnunin sé viðhorfskönnun kylfinga til golfs á Íslandi og hvernig hinn almenni kylfingur hagar sínum leik dags daglega. Spurningalistinn tekur á viðhorfi til golfleiksins, félagsaðild og starfi klúbbanna, brottfalli úr golfi, hvernig fólk hagar sínum leik (spil/æfingar) og viðhorfi til golfkennslu. Það var afar mikilvægt að fá svör frá þeim sem eru að hætta að stunda golf eða eru í tímabundinni pásu frá leiknum þar sem við vorum að kanna brottfall.

Markmiðið var að hafa könnunina stutta, hnitmiðaða og þægilega í svörun. Surveymonkey býður upp á ótal möguleika og þar sem annars vegar var um að ræða hóp fólks sem ætlar að stunda golf sumarið 2015 og hins vegar hóp fólks sem ætlar ekki að stunda golf var hægt að stýra því hvaða spurningar fólk fékk eftir því sem við átti. Það svöruðu því ekki allir sömu könnuninni.

Svarmöguleikarnir voru mismunandi eins og spurningarnar, já/nei, einkunnagjöf frá 1 - 5, hakað við það sem átti við og síðan gat fólk bætt við skrifuðum texta ef það var annað sem átti við þau sem var ekki getið í svarmöguleikunum.


Þegar það var komið grænt ljós frá umsjónarmanni verkefnisins var komið að því að opna fyrir könnunina og senda hana út. Markmiðið var að ná til breiðs hóps kylfinga á öllum aldri og einnig þeirra sem eru hættir eða voru óvissir um ástundun í framtíðinni þannig að við ákváðum að nota vinsælan golfhóp á facebook sem telur um 2500 manns og settum könnunina í loftið þar. Í framhaldinu var búin til frétt um verkefnið á www.kylfingi.is⁴ sem er einn vinsælasti golfvefur landsins. Til þess að ná til þeirra sem höfðu hætt í golfi var könnunin einnig send á 200 manna póstlista yfir þá sem hafa hætt í ónefndum golfklúbba á höfuðborgarsvæðinu á síðustu árum ásamt því að fá fólk sem við vissum að væri hætt í golfi til þess að taka þátt. Hægt var að fylgjast með þáttökunni og niðurstöðunum jafnóðum á surveymonkey.com.

⁴ <http://kylfingur.vf.is/frettir/konnun-/27023>

Niðurstöður

Q2 Aldur

Answered: 993 Skipped: 7




Mynd 1: Aldursdreifing allra svarenda könnunarinnar

Haft var 1000 manna takmark á þáttökunni í könnuninni sem náð var eftir um 10 daga frá fyrsta svari. Af þeim sem tóku þátt voru 78% karlkyns og 22% kvenkyns. 78 af þeim sem tóku þátt ætla ekki að stunda golf árið 2015. Könnunin náði góðri og breiðri svörun bæði í kyni og aldri og ætti því að vera marktæk og að gefa góða mynd af ástandinu innan íþróttarinnar í dag.

Q3 Forgjög

Answered: 999 Skipped: 1



Mynd 2: Forgjöf allra svarenda könnunarinnar

Af hverju er fólk að hætta að spila golf?

Það voru alls 78 sem sögðust ekki ætla að spila golf reglulega sumarið 2015. Skoðum fyrst þennan hóp, þ.e. þá sem ætla ekki að spila golf og hvaða ástæður búa þar að baki.


Ef skoðað er nánar hvernig þessi hópur er samsettur kemur ýmislegt áhugavert í ljós. Á hvaða aldri og með hvaða forgjöf er þetta fólk sem er að hætta að spila golf?

Með því að líta á aldurskiptinguna sem sjá má á mynd 3 hérna til hliðar sést að stærsti hópurinn sem ætlar ekki að spila golf í sumar er fólk á aldrinum 21-35 ára.


Tæplega 54 % af þeim sem ætla ekki að spila golf eru á þessu aldursbili.

Ef lítið er svo á hvaða forgjöf þessi hópur er með þá eru niðurstöðurnar þar nokkuð sláandi en mynd 4 sýnir forgjöfina hjá þeim sem ætla ekki að spila golf reglulega í sumar. Þar kemur í ljós að stærsti hluti þeirra sem eru að hætta er með 0-5 í forgjöf eða 25,64%. Þetta er öfugt við það sem hefur verið talið. Niðurstöðurnar úr þessari rannsókn gefa hinsvegar til kynna að nokkuð jafnt hlutfall er á milli forgjafarhópa er kemur að brottfalli. Þrátt fyrir að lægsti forgjafarhópurinn sé sá stærsti er hinsvegar líttill munur á hópunum. Það er því erfitt að segja út frá niðurstöðunum í þessari rannsókn að einhver einn forgjafarhópur sé líklegri til þess að hætta í golfi en annar. Hinsvegar er hægt að segja að aldurshópurinn frá 21-35 ára sé sá hópur sem líklegastur er til að hætta í golfi. Þar geta ýmsar ástæður búið að baki, tókum þær vangaveltur síðar.

87,32 % þeirra kylfinga sem ætla ekki að spila golf reglulega í sumar hafa verið meðlimur í golfklúbbsi sbr. mynd 5 hérna fyrir neðan. Því er ljóst að þetta er fólk sem er annaðhvort að hætta í golfklúbbum núna eða hefur verið fyrir utan golfklúbba í einhvern tíma.




Mynd 3: Aldursdreifing þeirra sem ætla ekki að spila golf næsta sumar



Mynd 4: Forgjöf þeirra sem ætla ekki að spila golf reglulega sumarið 2015.

Q17 Hefur þú verið meðlimur í golfklúbbi?

Answered: 70 Skipped: 8



Mynd 5: 87% þeirra sem ætla ekki að spila golf hafa verið í golfklúbbi


Þegar skoðað er af hverju fólk ætlar ekki að spila golf reglulega núna í sumar sést sbr. mynd 6 að 47,83 % segir að það sé vegna þess að það nýtti félagsaðildina sína illa, þ.e. voru í golfklúbbi en spiluðu lítið og óhagkvæmt að greiða félagsgjald. Það sem fólk merkti næst oftast við var að það tekur of mikinn tíma að spila golf, 36,23% af þeim sem ætla ekki að spila golf finnst einfaldlega taka of langan tíma að spila golf. Nánari niðurstöður úr þessari spurningu má sjá á næstu tveimur blaðsíðum. Þau atriði sem fólk nefndi oftast eru þessi:

1. Ég var í golfklúbbi en spilaði lítið og nýtti félagsaðildina illa – 47,83%
2. Það tekur of mikinn tíma að spila golf – 36,23%
3. Félagsgjöld í golfklúbbum eru of há – 34,78 %
4. Vegna anna í vinnu – 30,43 %
5. Vallargjöld á Íslandi eru of há – 27,54%
6. Vegna fjölskylduaðstæðna – 24,64%
7. Ég stunda aðrar íþróttir og tómsundur – 18,84%
8. Ég tók aðra íþrótt fram yfir golf – 17,39%
9. Það var erfitt að fá rástíma á tímum sem hentuðu – 17,39%
10. Ég hafði engan til þess að spila með – 11,59%

Þetta eru þau atriði sem fólk merkti oftast við. Nánari niðurstöður og fleiri atriði má sjá hérna á mynd 6 fyrir neðan. Þessar niðurstöður eru í nokkuð miklu samræmi við niðurstöðurnar úr rannsókninni sem fram fór í Svíþjóð, þ.e. að spila golf er of tímafrekt og eða of dýrt.

Q18 Af hverju ætlar þú ekki að spila golf reglulega sumarið 2015? (Athugaðu að merkja við alla valmöguleikana sem eiga við)

Answered: 69 Skipped: 931




Mynd 6: Af hverju ætlar fólk ekki að spila golf sumarið 2015?

Þrátt fyrir að þessi hópur ætli ekki að spila golf sumarið 2015 er þetta fólk ekki hætt í golfi til framtíðar en rúmlega 85% gerir ráð fyrir að spila golf í framtíðinni og tæp 15% voru óákveðin. Það var enginn sem svaraði þessari spurningu neitandi eins og sjá má á mynd 7 hérna fyrir neðan.

Q20 Gerir þú ráð fyrir að spila golf í framtíðinni?

Answered: 76 Skipped: 2




Mynd 7: Flestir virðast ætla að spila golf í framtíðinni.

Félagsaðild íslenskra kylfinga

Samhliða fækkun kylfinga sem spila golf hérlendis hefur einnig dregist úr því að fólk sem leikur golf séu meðlimir í golfklúbbum innan GSÍ. Mörg fyrirtæki og starfsmannafélög bjóða upp á golfklúbba innan sína raða sem veita félögum ýmisskonar afsláttarkjör. Því getur oft á tíðum verið hagkvæmara fyrir kylfinga að segja upp aðild sinni hjá golfklúbbnum og nýta sér þau afsláttarkjör sem boðið er upp á. Af þessum sökum vildum við fá að vita

Q5 Ætlar þú að vera meðlimur í golfklúbbi innan GSÍ sumarið 2015?

Answered: 916 Skipped: 84



Mynd 8: Langflestir sem spila golf ætla að vera í golfklúbbi

hvort að þeir sem ætli sér að spila golf með reglulegum hætti ætli sér að vera í golfklúbbi eða ekki? Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar sbr. mynd 8 hér til hliðar ætla tæp 92% þeirra kylfinga sem svöruðu að vera meðlimur í golfklúbbi innan GSÍ sumarið 2015, sbr. mynd 8. Rúmlega 4% voru óákveðin og 1,3% ætla að vera í golfklúbbi innan fyrirtækis. Einungis 2,51% ætla ekki að vera í


golfklúbbs innan GSÍ sumarið 2015. Hér á eftir munum verður farið í frekari greiningu á því af hverju fólk velur að vera í golfklúbbsi og hvaða ástæður það eru sem búa að baki þegar fólk ætlar ekki að vera í golfklúbbsi en samt sem áður halda áfram að spila golf með reglulegum hætti.

Af hverju velur fólk að vera í golfklúbbsum?

Flestir íslenskir kylfingar eru meðlimir í golfklúbbsum. Hér á landi er lítill sveigjanleiki í boði í félagsgjöldum. Í flestum klúbbsum ertu annað hvort fullgildur meðlimur eða einfaldlega ekki í klúbbsnum. Erlendis hefur tíðkast meiri fjölbreytileiki í félagsaðild. Á mörgum stöðum er hægt að vera greiða mánaðargjald, vera helgar meðlimur o.s.frv. Hérna er hinsvegar sjaldan möguleiki á einhverju slíku. Það var markmið rannsóknarinnar að komast að því af hverju íslenskir kylfingar velji að vera í golfklúbbsum. Hvað er það sem skiptir íslenska kylfinga mestu máli þegar þeir ákveða hvort að séu meðlimir í golfklúbbsi eða ekki. Í rannsókninni var spurt, af hverju velur þú að vera í golfklúbbsi innan

Q9 Af hverju velur þú að vera í golfklúbbsi innan GSÍ? (Athugaðu að merkja við alla valmöguleikana sem eiga við)

Answered: 801 Skipped: 40



Mynd 9: Ástæður þess að íslenskir kylfingar velji að vera í golfklúbbsi

GSÍ? Niðurstöðurnar voru nokkuð áhugaverðar en þær má sjá hérna á mynd 9. Ef litið er nánar á þau atriði sem nefnd voru oftast og þeim raðað í rétta röð kemur eftirfarandi í ljós:


1. Til þess að hafa betra aðgengi að golfvelli – 76,65%
2. Til þess að geta haft löglega forgjöf – 74,28%
3. Ég vill vera meðlimur í golfklúbbi – 65,42%
4. Til þess að geta bókað rástíma með fyrirvara – 60,67%
5. Vegna félagsskapsins – 56,43%
6. Til þess að hafa aðgang að golf.is – 46,82%
7. Til þess að geta tekið þátt í mótum – 42,7%
8. Það er hagkvæmast fyrir mig – 40,7%
9. Vegna félagsstarfsins í klúbbum mínum – 37%

Það sést hérna að ástæða þess að íslenskir kylfingar velji að vera meðlimir í golfklúbbum er ekki sú að það sé hagkvæmast fyrir þá. Þarna eru önnur atriði sem skipta meira máli eins og að hafa gott aðgengi að golfvelli og geta haft löglega forgjöf. Það er því mikilvægt fyrir golfklúbba hér á landi að tryggja ávallt aðgengi félagsmanna að rástímum og fara varlega í að fjölga félagsmönnum um of.

Ljóst er sbr. mynd 10 að rúm 45% af þátttakendum rannsóknarinnar leika 2 sinnum í viku eða sjaldnar. Einhverjir af hringjunum eru leiknir í mótum þar sem greidd eru mótsgjöld og því má færa rök fyrir því að a.m.k. hluti þessa hóps kæmi fjárhagslega betur út úr því að vera ekki meðlimir í golfklúbbi

Q21 Hversu oft spilar þú 9-18 holu golfhring að jafnaði yfir sumarið?

Answered: 799 Skipped: 42



Mynd 10: Fjöldi hringja hjá kylfingum sem ætla að vera í golfklúbbi


heldur greiða sérstaklega fyrir hvern hring. En eins og sést hér að ofan eru það fyrst og fremst aðrir þættir sem ráða því að fólk ákveður að vera í golfklúbbi.

Hvað skiptir mestu máli þegar kylfingar velja sér golfklúbb

Eins og á öðrum sviðum samfélagsins ríkir ákveðin samkeppni á milli golfklúbba um félagsmenn. Nú þegar horft er fram á fækkun í íþróttinni hér á landi í fyrsta sinn eftir mikinn uppgang síðustu ára og áratuga þá verður sú samkeppni sennilega enn harðari. En hvað er það sem kylfingar horfa til þegar þeir velja sér golfklúbb. Hvaða atriði skipta íslenska kylfinga máli við val á golfklúbbi. Hvað geta

Q10 Hversu miklu máli skipta eftirfarandi atriði þig þegar þú velur þér golfklúbb? (Gefðu eftirfarandi atriðum vægi frá 1-5 þar sem 1 er minnst og 5 er mest - Athugið að merkja við alla valmöguleikana)

Answered: 803 Skipped: 38



Mynd 11: Hvað skiptir íslenska kylfinga máli þegar þeir velja sér golfklúbb?

golfklúbbar á Íslandi gert betur til þess að fá nýja félagi í klúbbinn sem og að fjölga sínum félagsmönnum. Fólk var beðið um að gefa þeim atriðum sem skiptu mestu máli vægi eftir því hversu miklu máli þau skiptu við val á golfklúbbi. Golfvöllurinn og ástand golfvallar er það sem skiptir mestu máli þegar að íslenskir kylfingar velja sér golfklúbb. Á Íslandi hefur oft á tíðum verið talið að

vinavallasamningar hefðu mikið vægi í ákvörðun kylfinga um golfklúbb. Af niðurstöðum þessarar rannsóknar er ekki að sjá að svo sé en þeir fá minnst vægi af öllum þeim atriðum sem listuð voru upp. Verð á félagsgjöldum er einnig lítil áhrifavaldur en upphæð þeirra er svipuð hjá stærri klúbbunum og er því kannski ekki veigamikill þáttur í ákvörðun um hvar skal fara í golfklúbb.


Ef tekin eru út þau atriði sem hafa mest vægi sbr. mynd 11 þá eru þau:

1. Golfvöllurinn
2. Ástand golfvallar
3. Aðgengi að rástímum
4. Staðsetning
5. Góður leikhraði

Önnur atriði eru nefnd sjaldnar.


Hvað með þá sem ætla ekki að vera í golfklúbbi en ætla að spila golf?

Á Íslandi eru u.þ.b. 16.000 félagar í golfklúbbum innan GSÍ. Samkvæmt árlegri rannsókn Gallup þá eru aðrir 16.000 Íslendingar sem leika golf oftast en 5 sinnum á ári en eru ekki meðlimir í golfklúbbum. Þannig að það er ljóst að mikið af Íslendingum sem spila golf en eru ekki meðlimir í golfklúbbi. Auðveldast væri að draga þá ályktun að þetta væru kylfingar sem væru búnir að spila



Mynd 12: Forgjör þeirra kylfinga sem ætla ekki að vera í golfklúbbi eða eru óákveðnir með félagsaðild árið 2015


golf í stuttan tíma, væru ekki komin klúbb. Raunin virðist hins vegar vera önnur sbr. mynd 13 hér fyrir



Mynd 13: Hérna sést hversu lengi þeir óákveðnu hafa stundað golf.

neðan. En þar má sjá að flestir þeirra sem ætla ekki að vera í golfklúbbi í sumar eða eru óákveðnir með félagsaðild eru búnir að leika golf í 5-15 ár. Einnig væri hægt að áætla að það væru frekar byrjendur og kylfingar með hærri forgjör sem væru í þessum hópi, þ.e. þeim hópi sem ætlar ekki að vera í klúbbi en samt ekki hætta í golfi. Eins og sjá má á mynd 12

Þá er það ekki staðan. Það virðist vera nokkuð jöfn dreifing á milli forgjafarflokka hjá þessum hópi kylfinga. Hinsvegar er sama staða og þegar annað brottfall hefur verið skoðað í þessarai rannsókn að sá aldurshópur sem er viðkvæmastur fyrir brottfalli er á milli 21-35 ára sbr. mynd 14.



Mynd 14: Aldur þeirra sem ætla að spila golf en ætla ekki að vera í golfklúbbi og þeirra sem eru óákveðnir varðandi félagsaðild.


Hver er þá ástæðan fyrir því að þessir kylfingar velji að vera ekki meðlimir í golfklúbbi innan GSÍ? Ef við lítum á þau atriði sem helst eru nefnd:

1. Ég spila ekki nægilega mikið til þess að það borgi sig að vera í golfklúbbi innan GSÍ – 60,87%
2. Félagsgjöld í golfklúbbum eru of há – 47,83%
3. Ég er með afsláttarkort/fríspil á golfvelli – 30,43%
4. Ég er að byrja í golfi og hef ekki enn gengið í golfklúbb – 17,39%

Nánari niðurstöður má sjá á mynd 15 á næstu blaðsíðu.

Q12 Af hverju ætlar þú ekki að vera í golfklúbbi innan GSÍ árið 2015? (Má haka við fleiri en 1 valmöguleika)

Answered: 23 Skipped: 977




Mynd 15: Hver er ástæðan fyrir því að fólk ætlar ekki að vera í golfklúbbi sumarið 2015

47 % þeirra sem ætla ekki að vera í golfklúbbi eru með einhversskonar afsláttarkjör á golfvelli sbr. mynd 15. Það gefur auga leið að þessi greiði aðgangur sem fólk hefur af afsláttarkjörum í gegnum fyrirtæki hérlendis hefur neikvæð áhrif á félagsaðild í golfklúbbum. Enda eru rúm 30% kylfinga sem segjast ekki ætla vera í golfklúbbi vegna þess að þeir hafi aðgang að fríspils eða afsláttarkortum.

Q14 Ertu með einhversskonar afsláttarkjör á vallargjöldum?


Answered: 34 Skipped: 41



Mynd 16: Næstum helmingur hefur aðgang að einhvers konar afsláttarkjörum.

Af hverju er fólk óákveðið með félagsaðild?

Hvað er það sem að fólk setur fyrir sig þegar það ákveður hvort að það ætli að vera meðlimur í golfklúbbsi eða ekki? Hverju er fólk fyrst og fremst að velja fyrir sér?




Mynd 17: Helstu ástæður þess að fólk er óákveðið hvort það ætli að vera í golfklúbbsi eða ekki

Ef litið er nánar á þau atriði sem helst eru nefnd má sjá mjög skýrlega að hérna er fólk fyrst og fremst að horfa á upphæð félagsgjalda sbr. mynd 17 en 68,4% segja að félagsgjöld í golfklúbbum séu of há og 63,16% segja að þau spili ekki nægilega mikið til þess að vera meðlimir í golfklúbbi. Þannig að upphæð félagsgjalda er það sem þessi hópur setur fyrst og fremst fyrir sig. Atriði númer 3 og 4 eru lélegt aðgengi að góðum rástímum og annir í vinnu en það eru 26% rúm sem haka við það. Þessir kylfingar, sem eru óákveðnir með félagsaðild, ætla samt sem áður að halda áfram að spila golf hvort sem að þeir ákveði að vera í golfklúbbi eða ekki.

Áhugavert er því að sjá hvað þeir eru tilbúnir að greiða í vallargjöld fyrir 18 holu golfhring. Flestir virðast vera tilbúnir til að greiða vallargjald á bilinu 3-4.000 kr. 90% eru ekki tilbúnir að greiða meira en 5.000 kr í vallargjald fyrir 18 holur.

Q13 Hvað ert þú tilbúinn að greiða í vallargjald fyrir 18 holu golfhring?




Mynd 18: 90% þeirra sem eru óákveðnir með félagsaðild vilja ekki greiða meira en 5.000 kr fyrir 18 holu golfhring

Hvernig haga íslenskir kylfingar sínum golfleik?

Ef skoðaðar eru fyrst þær ástæður fyrir því að fólk velur að leika golf þá leiddi rannsóknin í ljós að hreyfingin og útiveran, 88,69% og félagsskapurinn, 82,86% var það sem heillar fólk helst við golfið eins og sjá má í niðurstöðum á mynd 19. Ath að hægt var að velja fleiri en einn valmöguleika og miðað við niðurstöðurnar þá völdu flestir þátttakendur fleira en eitthvað eitt ákveðið sem heillar þá leikinn. Einnig var skoðað hversu mikið golf kylfingar væru að jafnaði að leika yfir sumarið og kom í ljós að rétt rúm 40 % af þeim sem svöruðu spila 3 - 4 sinnum í viku að jafnaði sem var meira en búist var við.

Q22 Hvað af eftirfarandi atriðum heilla þig við að leika golf? (Merkja má við fleiri en 1 valmöguleika)

Answered: 875 Skipped: 125




Mynd 19: Hreyfing er stór þáttur í golfinu

50 % þeirra sem spila 3 - 4 sinnum í viku eru á aldrinum 51 - 69 ára sem gæti útskýrt þessa miklu ástundun þar sem þessi aldurshópur hefur kannski meiri frítíma milli handanna, þó er þetta aldurshópur sem er enn á vinnumarkaði þannig að það er erfitt að fullyrða um þetta.

Q21 Hversu oft spilar þú 9-18 holu golfhring að jafnaði yfir sumarið?

Answered: 876 Skipped: 124



Mynd 20: Íslendingar leika talsvert mikið golf

Af þeim sem spila 5 - 7 sinnum í viku, 13,24% þá var svipuð aldursdreifing og hjá þeim sem spila 3 - 4 sinnum í viku, aftur voru flestir á aldrinum 51 - 69 ára.

Af þeim sem spila 1 - 2 sinnum í viku, 35,96% voru flestir á aldrinum 36 - 50 ára. Fólk á þessu aldursbili er vanalega fjölskyldufólk sem er út á vinnumarkaðnum og líklegt er að það spili frekar þegar tími gefst.

Þeir sem spila 1 - 3 sinnum í mánuði að jafnaði voru flestir hlutfallslega á aldrinum 21 - 35 ára, 40,24% og aðeins færri á aldrinum 36 - 50 ára, 32,93%.

Þegar rýnt er í hversu duglegir kylfingar eru að æfa sig meðan þeir eru ekki á vellinum að spila kemur margt í ljós. Við vildum rannsaka þetta út frá forgjöf og því þannig er best sjá hvort í raun séu tengsl á milli þess hvað kylfingar leggja á sig við æfingar og getu á vellinum.


Þeir kylfingar sem æfa sig 3 sinnum eða oftar voru flestir á forgjafarbilinu 0 - 5, eða 50,74% en fæstir á forgjafarbilinu 22 - 40, eða 6,62 %. Á forgjafarbilinu 14 - 21 voru svo 7,31%.

Af þeim sem æfa 1 - 2 sinnum í viku, eða 35,96% allra sem tóku þátt voru flestir á forgjafarbilinu 6 - 13, eða 33,46% en fæstir á forgjafarbilinu 22 - 40, eða 17,31%.

Eins og sjá má á mynd 21, æfa flestir eða 34 % þeirra sem tóku þátt 1 - 3 sinnum í mánuði. Úr þessum hópi eru flestir á forgjafarbilinu 14 - 21, eða 34,65 % og fæstir á forgjafarbilinu 0 - 5, eða 10,23%.

Rannsóknin leiðir því í ljós að þeir kylfingar sem hafa lægri forgjöf verja að jafnaði meiri tíma í

Q25 Stundar þú golfæfingar yfir veturinn?




Mynd 22: Rúm 50% íslenskra kylfinga stunda golfæfingar yfir vetrartímann.

æfingar en þeir sem hafa hærri forgjöf. Margt getur þó spilað inn í eins og t.d. eru margir lágforgjafar kylfingar í skipulagðri afreksþjálfun á vegum golfklúbbanna og í markvissum æfingum fyrir keppni. Þeir sem hafa hærri forgjöf velja hins vegar oft frekar að spila sér til gamans.

52% þátttakenda leggja stund á golfæfingar yfir veturinn eins og sjá má á mynd 22. Það

Q23 Hversu oft ferðu á æfingasvæði og vinnur í þínum golfleik yfir sumarið?



Mynd 21: Íslendingar æfa sig frekar sjaldan en spila talsvert mikið í staðnn.


er heldur lægri tala en við reiknuðum með miðað við gæði æfingaaðstöðu á landinu og fjölda kylfinga sem sækja í golf erlendis yfir veturinn.

Hvað er fólk að leggja áherslu á í æfingum?

Rannsóknin leiddi í ljós að dreifingin á því hvaða hluta leiksins þátttakendurnir æfa helst er nokkuð jöfn sem kom okkur á óvart. Full sveifla er hlutfallslega það sem fólk æfir helst en hefur þó lítið forskot á vippin/fleyghöggin, púttin koma svo þar á eftir eins og sjá má á mynd 23. 31,09%

Q24 Hvaða þætti í þínum golfleik æfir þú helst? (Má merkja við meira en 1 valmöguleika)

Answered: 875 Skipped: 125




Mynd 23: Íslenskir kylfingar virðast sinna flestum þáttum golfþróttarinnar.

þeirra sem svöruðu leggja jafna áherslu á alla þessa hluti í sínum æfingum.

Ef þetta er svo borið saman við niðurstöðurnar sem sjá má á mynd 24 hér að neðan þar sem þátttakendur voru spurðir hvað þeir teldu sig helst þurfa að æfa þá er ljóst að flestir telja sig þurfa að bæta vippin og púttin til að þess að lækka skorið. Fleyghöggin koma svo þar á eftir þannig að stutta spilið er ríkjandi í niðurstöðunum þarna. Leikskipulag/ákvarðanatoka og andleg/líkamleg hlið leiksins koma svo næst á eftir sem sýnir okkur að fólk er orðið meðvitað um mikilvægi þessara

Q27 Hvaða þátt leiksins telur þú þig mest þurfa að bæta til að lækka skorið? (Má merkja við fleiri en 1 valmöguleika)

Answered: 877 Skipped: 123



Mynd 24: Stutta spilið virðist vera leiðin að árangri skv. íslenskum kylfingum


hlutaleiksins. Hefðu þessir þættir verið jafn ofarlega á blaði ef rannsóknin hefði verið gerð fyrir 15-20 árum?

Hinn almenni íslenski kylfingur á forgjafarbilinu 14 - 40 er ekki sérstaklega duglegur að sækja æfingasvæðið ef tekið er mið af okkar niðurstöðum hér að ofan. Á flestum golfæfingasvæðum á landinu þarf viðkomandi eðlilega að greiða fyrir þá bolta sem hann slær og stundum eru aðstöðugjöld á æfingaflötina fyrir stutta spilið. Á mynd? hér að neðan má sjá að rannsóknin

leiddi í ljós að meira en helmingur, eða 51,35% af þeim sem svöruðu þykir æfingabolta og aðstöðu þjónustan of dýr á meðan 47,84% þykir hún sanngjörn. 0.82% þykir hún of ódýr. Verðlagið spilar því klárlega inn í þegar fólk velur á milli æfinga og spils og það er ljóst að það kostar sitt að bæta sig.

Q33 Hvernig finnst þér verðlagningin á æfingaboltum og í æfingaaðstöðu á Íslandi?


Answered: 855 Skipped: 145



Mynd 25: Það er dýrt að æfa sig á Íslandi skv. íslenskum kylfingum

Q28 Hefur þú sótt golfkennslu til golfkennara?

Answered: 872 Skipped: 128



Mynd 26: Flestir íslenskir kylfingar hafa farið í golfkennslu


Golfkennsla á Íslandi

Þar sem við erum tilvonandi PGA golfkennarar og meðlimir í PGA á Íslandi langaði okkur að kanna viðhorf fólks til golfkennslu á Íslandi. Byrjað var á því að kanna hversu margir höfðu leitað til golfkennara og fengið golfkennslu.

Eins og sjá má á mynd 26 hér að ofan hefur yfirgnæfandi meirihluti þeirra sem svöruðu fengið golfkennslu, sem verður að teljast jákvætt fyrir golfkennarastéttina og sýnir okkur að fólk er meðvitað um að golfkennsla er í boði og er að nýta sér hana eða hefur nýtt sér hana í gegnum tíðina.

Q29 Hafði kennarinn lokið PGA menntun?

Answered: 795 Skipped: 205




Mynd 27: Íslenskir kylfingar virðast vera meðvitaðir um hvort að kennarinn hafi PGA menntun á bak við sig.

Mynd 27 hér að ofan sýnir okkur svo að þeir sem hafa sótt kennslu eru almennt meðvitaðir um hvort kennarinn hafi öðlast viðurkennda PGA menntun en þó voru örfáir sem voru ekki vissir eða höfðu sótt kennslu til kennara sem hafði ekki lokið menntun. Það ber að hafa í huga að þeir sem eru í PGA náminu t.d. eru titlaðir leiðbeinendur og eru flestir virkir í kennslu.

Q30 Hjálpaði kennslan þér með þinn leik?

Answered: 796 Skipped: 204



Mynd 28: Flestir virðast hafa bætt sinn leik eftir að hafa farið í golfkennslu.

Greinilegt er að kennslan hefur hjálpað flestum þeim sem hana sóttu við að bæta leik sinn eins og sjá má í mynd 28 hér að ofan.

Hvaða kennsluformi eru kylfingar helst að leita eftir?


Þegar fólk leitar til golfkennara eru ýmis form í boði á kennslunni sem fólk getur valið úr eftir því sem hentar hverjum og einum. Hér á Íslandi eru einkakennsla og hópkenntsla vinsælustu kostirnir. Í einkakennslunni vinna nemandinn og kennarinn saman maður á mann, oftast í 30 - 60 mínútur. Í hópkenntslunni eru yfirleitt 4 - 6 nemendur ásamt kennara þar sem er meiri sýnikennsla og unnið svo í styttri tíma með hverjum og einum nemanda.

Spilkennsla og fjarkennsla í gegnum internet eru form sem hafa náð meiri vinsældum erlendis undanfarið.

Ef mynd 29 hér að neðan er skoðuð nánar þá kemur í ljós að mikið mun fleirum líkar betur við einkakennslu en hópkenntslu. Við töldum að þarna yrði jafnari dreifing miðað við okkar reynslu.

Af þeim sem völdu einkakennslu voru hlutfallslega flestir á forgjafarbilinu 6-13 en af þeim sem völdu hópkenntslu frekar voru flestir á forgjafarbilinu 22-40. Konur kjósa einnig hlutfallslega frekar hópkenntslu en karlar.

Rannsóknin leiðir því í ljós að þeir sem hafa lægri forgjöf kjósa frekar einkakennslu á meðan þeir sem hafa hærri forgjöf og eru jafnvel að stíga fyrstu skrefin kjósa hópkenntsluna frekar.




Mynd 29: Einkakennsla er vinsælasta kennsluformið á meðal íslenskra kylfinga.

Mynd 30 hér að neðan sýnir að 64,3% þátttakenda í rannsókninni þykir verðlag á golfkennslu á Íslandi sanngjarnt á meðan 35,8% þykir kennslan of dýr.

Q32 Hvernig finnst þér verðlagning á golfkennslu á Íslandi almennt?

Answered: 784 Skipped: 216




Mynd 30: Íslenskir kylfingar virðast nokkuð sáttir með verðlag á golfkennslu

En ætli það séu almennt einhverjir hlutir utan verðlags sem valda því að fólk sækir síður kennslu? Við vildum rannsaka það og bárum fram spurningu varðandi þetta í könnuninni. Niðurstöðurnar má sjá á mynd 31 hér að neðan ásamt nánari greiningu.

Q35 Hvert af eftirtöldu kemur helst í veg fyrir að þú sækir golfkennslu?

Answered: 853 Skipped: 147



Mynd 31: Íslenskir kylfingar virðast óhræddir við að fara í golfkennslu

Mynd 31 sýnir að tæp 45% þátttakenda sem svöruðu eru sáttir og hika ekki við að sækja kennslu til kennara.

- Tæplega 31% þátttakenda þykir verðlagið of hátt.
- Tæp 28% velja frekar að spila golf
- Rúm 22% hafa ekki tíma fyrir kennslu og forgangsraða golfinu sínu eflaust með spil efst á blaði.
- Rúm 6% eru sátt með sinn leik eins og hann er í dag og sækja því ekki kennslu.
- Rúm 4% eru nægilega sátt við gæði kennslunnar.
- Tæp 2 % hafa ekki vitneskju um hvernig eða hvar þau panta tíma hjá kennara.
- Rúmt 1 % eru smeyk við að gera mistök fyrir framan kennara.

Það kemur ekki á óvart hversu margir velja að spila frekar en að sækja kennslu og æfingar. Tímabilið á Íslandi er stutt og margir vilja nýta það eins vel og hægt er. Flestir virðast sáttir með verðlagið á golfkennslunni en þó eru einhverjir sem telja verðið of hátt, það er bara eins og gengur og gerist í öðrum geirum þar sem boðið er upp á sérfræðiþjónustu.

Umræður

Af niðurstöðunum að dæma liggur ljóst fyrir að aldurshópurinn 21-35 ára sé sá aldurshópur sem er hvað líklegastur til að hætta í golfi eða hætta í golfklúbbum. 54% af þeim sem ætla að ekki að spila reglulega sumarið 2015 eru á þessu aldursbili sem og 58% þeirra sem ætla að halda áfram að spila golf en hætta í golfklúbbi eru einnig á þessum aldri. Þetta er ungt fólk sem er annað hvort í námi eða nýkomið úr námi og að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði. Helstu ástæður þessa hóps eru að golf sé of dýrt, of tímafrekt og fjölskylduaðstæður og annir í vinnu valda því að ekki er möguleiki á að leika golf. Langflestir ætla þó að byrja aftur að leika golf síðar, væntanlega þegar börnin eldast og fólk er búið að koma sér og fjölskyldu sinni betur fyrir.

Í sænsku rannsókninni á brottfalli kylfinga kom fram að því hærri forgjöf sem kylfingar hefur þeim mun líklegri er að hann hætti að spila golf eða hætti í golfklúbbi. Samkvæmt niðurstöðunum úr okkar rannsókn er þetta ekki raunin. Dreifingin var nokkuð svipuð á milli allra forgjafaraflokka en 60% af þeim sem ætla ekki að spila golf sumarið 2015 eru með með undir 21 í forgjöf á meðan 40% er með yfir 21. Hjá okkur sjáum við mun skýrari línur ef við lítum til aldursins eins og áður sagði.

Það að hafa gott aðgengi að golfvöllum er lykilatriði fyrir íslenska kylfinga en tæp 77% segja að það sé helsta ástæðan fyrir því að það velji að vera í golfklúbbi innan GSÍ. Á síðustu áratugum hefur kylfingum fjölgað gríðarlega hérlendis og flestir golfklúbbar á höfuðborgarsvæðinu nánast fullir. Aðgengi að góðum rástímum hefur því að mörgu leyti verið að skornum skammti og gæti það átt einhvern þátt í fækkun á meðlimum á síðasta ári. Fyrir klúbbana er því mikilvægt að tryggja aðgengi sinna félagsmanna, að þeir hafi tök á að bóka rástíma með meiri fyrirvara en aðrir og gangi því fyrir öðrum kylfingum. Aðgengi er það sem íslenskir kylfingar eru helst að leita eftir með félagsaðild og því nauðsynlegt að tryggja það með sem bestum hætti.

Af niðurstöðunum að dæma er golfvöllurinn, umhirða og hönnun gífurlega veigamikill þáttur hjá kylfingum þegar þeir velja sér golfklúbb. Einnig eins og við höfum séð í öðrum niðurstöðum skiptir aðgengi að rástímum miklu máli. Það er því fyrst og fremst golfvöllurinn sem kylfingar horfa til þegar þeir velja sér golfklúbb. Færa má rök fyrir því að þessi afstaða sé ríkari á höfuðborgarsvæðinu þar sem möguleiki er á mörgum völlum og kylfingar geta valið úr. Úti á landi þar sem einungis einn völlur er í sveitarfélaginu er líklegri að þessi atriði hafi minna vægi og þá atriði eins og staðsetning sem skiptir lykilmáli. Golfklúbbar hérlendis þurfa því augljóslega að leggja mikið í umhirðu vallar og tryggja gott ástand til þess að halda félagsmönnum sínum ánægðum og ná í fleiri.

Það er áhugavert að sjá hversu lágt vallargjald íslenskir kylfingar eru tilbúnir til þess að greiða. Sá hópur sem svaraði þessari spurningu eru þeir sem þurfa að greiða vallargjald næstkomandi sumar, en þeir ætla ekki að vera í golfklúbbi þrátt fyrir að ætla að halda áfram að spila golf. Meðalvallargjald fyrir 18 holur á höfuðborgarsvæðinu er í kringum 7-10 þús krónur en kylfingar virðast ekki vera tilbúnir að greiða meira en 5.000 kr fyrir hringinn. Flestir eru tilbúnir til þess að greiða á milli 3.000 –

4.000 kr fyrir hringinn. Telja verður því líklegt að leiknir hringir verði ekki margir hjá þessum hópi ef að þeir hafa ekki aðgang að einhversskonar afsláttarkjörum. Þetta er því hópur sem er í gríðarlegri hættu á brottfalli úr golfíþróttinni.

Íslenskir kylfingar spila mikið golf á stuttu tímabili miðað við niðurstöðurnar. Félagsskapur á vellinum í bland við hreyfingu og útiveru eru helstu ástæður þess að fólk velur að leika golf samkvæmt rannsókninni. Tímabilið er einungis 4 – 6 mánuðir og á þessum tíma velja flestir að spila 9 – 18 holur þegar tími gefst frekar en að fara á æfingasvæðið að vinna í sínum leik. Rúmlega 40% þátttakenda spila 9 – 18 holur þrisvar til fjórum sinnum í viku og voru þar flestir á aldrinum 51 – 69 ára sem er hópur sem hefur oft meiri tíma milli handanna en aðrir. Við vitum að gott aðgengi að rástímum skiptir miklu máli þegar fólk velur sér golfklúbb en ef svona hátt hlutfall kylfinga er að spila þrisvar til fjórum sinnum eða jafnvel oftar í viku þá bitnar það auðvitað á þeim sem hafa minni tíma milli handanna og geta ekki farið í golf þegar þeim hentar.

Ástæða þess að fólk velur spil umfram æfingar gæti einnig legið í verðlaginu á æfingaboltum og aðstöðugjöldum. Rúmlega 51% þátttakenda þykir verðlagið of dýrt og eru kannski ekki tilbúnir að bæta við auka kostnaði ofan á félagsgjaldið, búnaðinn o.fl. Þetta er töluvert áhyggjuefni þar sem íþróttin þarf á endurnýjun á iðkendum að halda og þessir iðkendur komast í flestum tilvikum í fyrstu kynni við golf á æfingasvæði og ef það er kostnaðarsamt prófa golf í fyrsta skipti þá eru minni líkur á því að viðkomandi haldi áfram.

Viðhorf íslenskra kylfinga til golfkennslu virðist almennt vera góð miðað við niðurstöður rannsóknarinnar. Tæplega 92% þátttakenda hafa farið í golfkennslu og af þeim sögðu rúm 95% kennsluna hafa hjálpað sér með sinn leik sem sýnir að golfkennarar á Íslandi eru að gera vel og eru að ná til fólksins. Hátt verðlag kemur helst í veg fyrir að fólk leitar til golfkennara en rúm 35% þátttakenda telja golfkennsluna of dýra. Tæplega 28% velja svo einfaldlega að spila frekar en að fara til golfkennara, tímabilið á Íslandi er stutt og kannski eru ekki allir tilbúnir að fara út í breytingar á golfæðninni meðan þeir geta spilað ásættanlega með þá tækni sem er til staðar. Rúm 64% þátttakenda telja þó verðlagið sanngjarnt.

Það sem kom hins vegar á óvart var hversu hátt hlutfall kylfinga velja frekar einkakennslu umfram hópkenndu. Af þeim sem völdu einkakennslu voru flestir á forgjafarbilinu 0 – 13 og meirihlutinn karlmenn en í hópkenndunni voru kylfingar á forgjafarbilinu 14 – 40 og meirihluti kvenna sem tóku þátt völdu einnig hópkenndu sem fyrsta kost. Líklegar ástæður fyrir þessu að okkar mati eru þær að eftir því sem forgjöfin lækkar því hnitmiðaðri kennslu sækir kylfingurinn í.

Tökum dæmi: Ingi er með 8 í forgjöf og hefur verið fastur í kringum 8 í 2 ár og ætlar að panta sér tíma hjá golfkennara. Ingi kann sitthvað fyrir sér eins og forgjöfin sýnir og hefur fengið góða kennslu í grunnatriðum fyrr á sínum ferli. Valið stendur milli hópkenndu og einkakennslu. Í hópkenndunni eru 4 – 6 nemendur ásamt kennara og kennslan er þannig að hópurinn kemur mikið saman og kennarinn

leiðbeinir og sýnir öllum í hópnum atriði sem hafa ber í huga, nemendur hefjast svo handa og kennari gengur á milli og leiðbeinir hverjum og einum í nokkrar mínútur.

Í einkakennslunni er boðið upp á 30 – 60 mínútur, maður á mann með kennara þar sem sveifla nemandar er greind, oft með video upptöku eða öðrum tækjum. Kennarinn býr svo til áætlun fyrir nemandann og kennir honum viðeigandi æfingar sem henta hans tækni til að ná fram bætingu.

Hvort kennsluformið hentar Inga betur til þess að lækka forgjöfina á sem skemmstum tíma?

Hópkennsla er vinsæl hjá þeim sem eru að byrja í golfi eða eru með háa forgjöf eins og rannsóknin sýnir. Það er í raun ekki skrítið vegna þess að hún skilar mestum árangri hjá þessum hópi kylfinga þar sem villurnar í þeirra leik verða til vegna þess að grunnatriði golftækninnar eru oft ekki nógu góð. Kennslan er oftast einföld og kennarinn fer yfir atriðin með öllum hópnum og skerpir svo á hverjum og einum. Villurnar eru oft líkar hjá háforgjafarkylfingum og því er þægilegt og einfalt að vinna saman í hóp. Ef 4 nemendur með 5 í forgjöf koma saman í hópkennslu er nánast hægt að fullyrða að enginn þeirra er að glíma við sama vandamálið í sinni golftækni. Ef við skoðum ástæður þess að konur velja frekar hópkennslu þá teljum við að félagslegi hlutinn spili þar inn í. Af okkar reynslu að dæma þá er mun algengara að konur á öllum getustigum kjósi að koma saman í hópkennslu heldur en að koma einar í einkatíma. Þeim virðist líða betur saman í hóp og fá meira út úr kennslunni þannig.

Þetta eru allt punktar sem gætu spilað inn í niðurstöðurnar og þá sérstaklega þennan mikla mun á milli þeirra sem velja einkakennslu umfram hópkennslu. En svo er aftur spurning hversu margir af þátttakendum hafa í raun prófað hópkennsluna?

Ályktanir

Miðað við þær niðurstöður sem fram komu í þessari rannsókn er ljóst að það eru fyrst og fremst tími og peningar sem valda því að Íslendingar hætta í golfklúbbum eða hætta að spila golf. Það eru margvíslegar leiðir til þess að sporna við þessari þróun og reyna að taka á þessum atriðum, þ.e. kostnaði og tíma. 18 holu golfhringur tekur langan tíma og margir sem hafa ekki tök á því að spila marga hringi á hverju sumri. Flestir sem eru að hætta í golfklúbbum segjast ekki spila nægilega mikið til þess að það borgi sig. Hérlandis hafa golfklúbbar verið mjög ósveigjanlegir í félagsaðild. Almennt er ekki boðið upp á takmarkaða félagsaðild hjá klúbbunum á höfuðborgarsvæðinu þannig að ef fólk vill vera í golfklúbbi og spila golf þarf það að greiða fullt félagsgjald. Fyrir marga er það einfaldlega allt of dýrt miðað við fjölda hringja sem fólk leikur. Í Svíþjóð hafa tilraunir með aukinn sveigjanleika í félagsgjöldum borið góðan árangur en í golfklúbbnum Bredareds geta meðlimir borgað fyrir hvern hring sem þeir leika. Í upphafi árs kaupa meðlimir inneign fyrir ákveðið mörgum hringjum, allt eftir því hversu mikið þeir telji að þeir muni spila. Þetta hefur gengið vel og er nú fjórðungur félagsmanna sem nýtir sér þetta kerfi.⁵ Hér á Íslandi gæti þessi aukni sveigjanleiki að einhverju leyti minnkað það að fólk hverfi á brott úr íþróttinni. Hið eiginlega félagsgjald er þá lækkað töluvert mikið og fólk ræður hversu marga hringi það kaupir í upphafi tímabils. Þetta verður ekki eins svart og hvítt og það er í dag, annaðhvort fjárfestiru í félagsaðild og spilar golf eða þú sleppir því. Við þurfum ekki eingöngu að einbeita okkur að brottfallinu úr íþróttinni heldur einnig að fjölga þeim kylfingum sem eru meðlimir í golfklúbbum. Það eru allt of margir sem spila golf sem eru ekki í golfklúbbi en með auknum sveigjanleika væri möguleiki fyrir þetta fólk að vera meðlimir í golfklúbbum, taka þátt í mótum og félagsstarfi en þurfa ekki að spila tugi hringja á sumri til þess að geta réttlætt það fjárhagslega.

Ef við lítum á kennsluþáttinn þá var það nokkuð sláandi að rúmlega 50% íslenskra kylfinga finnst verð á æfingasvæðum landsins of hátt. Flest allir sem byrja í golfi stíga sín fyrstu skref í íþróttinni á æfingasvæðinu og því getur of hátt verðlag haft fælandi áhrif á byrjendur. Þeir sem hafa greitt sín félagsgjöld í golfklúbbana velja frekar að spila heldur en að æfa. Fólk er búið að borga fyrir aðgang aða vellinum og velur frekar að fara út á völl heldur en að greiða sérstaklega fyrir afnot af æfingasvæðinu. Hérna mætti færa fyrir því rök að félagsmenn ættu að hafa möguleika á betri kjörur heldur en aðrir kylfingar á sínu æfingasvæði. Það myndi sennilega ýta undir auknar æfingar hjá íslenskum kylfingum sem myndi skila betri og ánægðari kylfingum. Á höfuðborgarsvæðinu er mikil samkeppni um bestu rástímanna og erfitt getur reynst að fá rástíma á þessum álagstímum. Eins og niðurstöðurnar sýna spila 40% íslenskra kylfinga 3-4 sinnum í viku yfir sumarið og því margir að keppast um þessa bestu rástíma. Það gefur því auga leið að erfitt getur verið að komast að fyrir fólk sem hefur takmarkaðan tíma og þá sérstaklega barnafólk í fullri vinnu. Sá aldurshópur 21-35 ára er langstærsti hópurinn sem er að hætta í klúbbum og að hætta í golfi almennt. Til að koma til móts við þennan hóp kylfinga, þeirra sem hafa mjög takmarkaðan tíma mætti horfa til byggingu minni valla,

⁵ <http://www.golf.se/sgf/media/golf-affarer1/nyheter/2013/2/flexibilitet-bredareds-styrka/>

valla með færri holur sem hægt er að spila á styttri tíma. Nýstofnuð Útbreiðslunefnd GSÍ er þessa daganna að vinna af krafti að þessum málum og bindum við miklar vonir við starf þeirrar nefndar. Þar er verið að skoða þessi atriði, eins og aukinn sveigjanleika í félagsgjöldum og byggingu styttri valla með færri holum. Það er því ljóst miðað við niðurstöðurnar úr þessari rannsókn að nefndin er á réttri leið og vonandi geta allir sem koma að golfíþróttinni hérlandis tekið höndum saman og unnið að farsælli lausn á þessu vandamáli sem herjar á íþróttina okkar.

Heimildaskrá

Glærur frá Gunnar Hakonsson framkvæmdastjóra Sænska golfsambandsins sem kynntar voru á fundi framkvæmdastjóra Gólf sambanda norðurlandanna

Vefsíða CBSNews, <http://www.cbsnews.com>

Vefsíða kylfings.is, www.kylfingur.is

Vefsíða Sænska golfsambandsins, <http://www.golf.se>

Vefsíða USA Today Sports, <http://ftw.usatoday.com/>